




Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa



20. október 2014

Umsögn

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um umboðsmann skuldara
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Skrifstofa borgarstjórnar óskaði 14. október sl. eftir umsögn Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010.

Með frumvarpinu er lagt til að umboðsmanni skuldara verði veitt heimild til að leggja á dagsektir á aðila sem ekki verða við beiðni um upplýsingar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 100/2010.

Fjármálaskrifstofa hefur rýnt frumvarpið og telur ekki tilefni til að gera athugasemdir við frumvarpið eða einstaka hluta þess. Að mati Fjármálaskrifstofu er ekki verið að rýmka heimildir umboðsmanns skuldara til upplýsingaöflunar heldur eingöngu verið að veita umboðsmanni heimildir til að knýja á um þær upplýsingar sem embættinu eru nauðsynlegar til að geta sinnt hlutverki sínu.

Þá eru fjárhæðir dagsektanna sambærilegar við dagsektir sem Fjármálaeftirlitið getur beitt ef aðili skilar eftirlitinu ekki umbeðnum upplýsingum.

Vakin er athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við ákvörðun dagsekta verði m.a. litið til fjölda starfsmanna þess sem ákvörðun beinist að og hversu umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er. Með hliðsjón af því má ætla að verði Reykjavíkurborg ekki við beiðni umboðsmanns skuldara um upplýsingar innan hæfilegs frest verði hámarks dagsektum beitt.

Birgir Björn Sigurjónsson
fjármálastjóri